

38. töl. 19.

26. okt. 2022

29 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



Félagsstarf eldri borgara í Þingeyjarsveit

Nú hefur verið ráðið í störf umsjónarmanna félagsstarfs eldri borgara í sveitarfélaginu og eru það þær Svanhildur Kristjánsdóttir og Jóhanna Magnea Stefánsdóttir sem ætla að taka að sér skipulag og umsjón í vetur en Þórdís G. Jónsdóttir mun starfa áfram með þeim í Mývatnssveit og Ásta Price mun sjá um hreyfingu.

Stefnt er á að formlegt starf hefjist á næstu dögum, á fimmtudaginn 27. október verður samverustund í

Reykjahlið í ÍMS kl.13.00 og á Stórutjörnum þriðjudaginn 1. nóvember kl.13.00. Þeir sem ætla að fá mat í

Stórutjarnaskóla á þriðjudögum þurfa að panta í síma 464-3222 á mánudögum fyrir hádegi og máltíðin kostar 800.- kr.

Bókasafnið í Stórutjarnaskóla 14.30-16.30 á þriðjudögum Nánara skipulag og tímasetningar verður auglýst á heimasíðu sveitarfélagsins og í Hlaupastelpunni á næstu vikum.

Félagsstarfið er í boði fyrir 60 ára og eldri og eru allir hvattir til að mæta, njóta samverunnar og þeirrar dagskrár sem er í boði hverju sinni



Kynning skipulagsáforma vegna deiliskipulagsgerðar að Fjósatungu

Fimmtudaginn 27. október 2022 verður haldinn kynningarfundur að Kjarna, laugum frá kl 15 – 16 vegna vinnu við gerð deiliskipulags frístundasvæðis að Fjósatungu, Fnjóskadal. Tillagan, forsendur hennar og umhverfismat verður lagt til kynningar.

Allir sem áhuga hafa á vinnunni eru hvattir til að koma og eiga spjall um núverandi stöðu og framtíðarsýn svæðisins.

Atli Steinn Sveinbjörnsson, skipulagsfulltrúi

UPPSKERUHÁTÍÐ BJARMA



3.000 KRÓNUR INN
ENGINN POSI

LAUGARDAGINN
5. NÓVEMBER Á
ILLUGASTÖÐUM.
HÚSIÐ OPNAR

KL.21:00

EINAR HÖLLU HELDUR
UPPI FJÖRI FRÁ
KL.22:00

Félagsvist – Ýdalir.

Nú ætlum við að spila félagsvist þrjú næstu þriðjudagskvöld,

1. nóvember, 8. nóvember og 15. nóvember

að Ýdölum klukkan 20.

Mætum hress og höfum gaman af.

Allir velkomnir.

Diddólína.





Jarðböðin verða lokuð frá og með 31. október til 6. nóvember, vegna viðhalds og framkvæmda. Við opnum aftur á hefðbundnum tíma mánudaginn 7. nóvember.

Kærar kveðjur frá Jarðböðunum

Inga á Adell hárstofu er að fara aftur í Seiglu!

Dagarnir sem verður opið næst

- Fös. 11.nón 10-18
- Lau. 19.nón 10-18
- Lau. 26.nón 10-18
- Fös. 9.des 10-18
- Lau. 10.des 10-18
- Sun. 11.des 10-15
- Mán. 19.des 10-18

Tímapantanir í Noona appinu, inná www.noona.is/adell eða í síma 451-1112 Adell- muna að taka fram að panta í Seiglu.

Kveðja Inga hársnyrtimestari



Messa á Grenjaðastað


Kvöldmessa verður verður á Grenjaðarstað næstkomandi sunnudag, 30. október kl. 20:00. Messan mun bera svip af Allra sálna messu og að atöfn lokinni gefst kirkjugestum færi á að fá kerti til að tendra á leiðum látinna ættingja og vina.

Verið öll velkomin.

Séra Þorgrímur.

LÍF OG HEILSA- LÍFSÞJÁLFUN

MEÐ DÖGG STEFÁNS



Hefst 1. nóvember

Kennt er á þriðjudögum og
fimmtudögum í nóvember.

Vikuleg eftirfylgni í 10 vikur

Verð: 23.000kr

Markmið námsins er að auka þekkingu námsmanna á áhrifaþáttum heilsu, leikni þeirra í heilsulæsi og hæfni til að taka ábyrgð á eigin heilsu.

Í náminu er lögð áhersla á sjálfsefningu, ígrundun, markmiðasetningu og virkan stuðning leiðbeinanda. Námið er ætlað fólki sem vill bæta eigin heilsu og líðan.

Dögg er sálfræðimenntaður lífsþjálfari sem hefur brennandi áhuga á að hjálpa fólki að bæta líf sitt. Dögg útskrifadist sem lífsþjálfari í apríl 2021 og hefur verið með námskeið, fyrirlestra og boðið upp á einkatíma fyrir konur.

Athugið að námsleiðin er opin öllum og hvetjum við alla til að kanna rétt sinn á endurgreiðslu þátttökugjalds hjá sínu stéttarfélagi.

Frekari upplýsingar og skráning á hac.is eða í síma 464-5100



Skráning